

Úrskurður nr. 4/2005.

Tollstjóri endurákvæðar aðflutningsgjöld af bifreið sem flutt var til landsins. Kærandi krefst þess að reikningsverð verði lagt til grundvallar við útreikning tollverðs. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda í málinu.

Með bréfi, dags. 7. mars 2005, sem barst nefndinni þann 11. s.m., kærir L f.h. S. úrskurð tollstjóra nr. 3/2005, dags. 28. janúar 2005. Í nefndum úrskurði hafnar tollstjóri fram komnu innkaupsverði bifreiðar af gerðinni Jeep Cherokee Overland og ákvarðar tollverð hennar skv. 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Kærandi gerir kröfu um að tollverð bifreiðarinnar verði ákvarðað skv. 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Til vara er þess krafist að ákvörðun tollstjórans verði breytt á þá leið að tollverð bifreiðarinnar verði ákvarðað á grundvelli 10. - 14. gr. tilvitnaðrar reglugerðar.

Í kærinni og fylgigögnum segir að bifreiðin sé flutt inn frá Kanada og hafi kaupandi (innflytjandi) verið búinn að gera tvær tilraunir með að kaupa bifreið þaðan af tiltekinni bílasölu, en verið svikinn um afhendingu bifreiðanna. Hann hafi verið orðinn afhuga kaupum þegar honum hafi boðist sú bifreið sem hér er deilt um tollverð á, en hún er af gerðinni Jeep Cherokee Overland árgerð 2003. Vegna þeirra óþæginda sem svikin hafi valdið innflytjanda hafi bílasalinn boðið honum 2.000 kanadíska dollara í afslátt af upphaflegu verði bifreiðarinnar. Var innflytjanda gert að greiða 24.000 kanadíska dollara fyrir bifreiðina samkvæmt framlögðum reikningum.

Kærandi krefst þess aðallega að hinum kærða úrskurði tollstjóra, verði breytt á þá leið að tollverð bifreiðarinnar verði ákveðið á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 en til vara að það verði ákveðið á grundvelli 10. - 14. gr. sömu reglugerðar.

Kærandi hafnar því sem fram kemur í úrskurði tollstjóra að viðskiptaverð hinnar innflutta bifreiðar sé óeðlilega lágt og gefi þar með tollstjóra tilefni til að draga sannleiksgildi framlagðrar aðflutningsskýrslu og fylgigagna í efa. Kærandi segir að öll gögn sem tilheyrðu innflutningnum hafi verið lögð fram. Þá hafi sérstaklega verið brugðist við kröfu tollstjórans um framlagningu viðbótargagna þegar eftir því var leitað. Öll gögn málsins séu sönn og rétt og ekkert tilefni til að draga sannleiksgildi þeirra í efa. Kærði telur að ekki sé óeðlilegt að hægt sé að kaupa bifreiðar á lægra verði en viðmiðunarverði sem finna má í opinberum skjölum útflutningslands. Fyrir liggir að viðskiptaverð bifreiðarinnar sé 29% lægra en það viðmiðunarverð sem fram kemur í Canadian Red Book sem tollstjóri leggur til grundvallar.

Þá segir í kærinni að tollstjóri taki fram í úrskurði sínum að embættið hafi sett sér ákveðin mörk um það hversu mikið kaupverð ökutækja geti vikið frá viðmiðunarverði. Þegar kaupverð innfluttrar bifreiðar vikur frá viðmiðunarverði umfram framangreind mörk sé óskað eftir frekari skýringum á lágu verði frá innflytjanda. Hvergi komi fram í úrskurði tollstjóra eða í reglugerð nr. 374/1995 hver þessi viðmiðunarmörk séu eða eigi að vera. Kærandi hafnar því að um sé að ræða óeðlilegan verðmun og bendir á því til stuðnings að ítrekað séu bifreiðar seldar undir venjulegu söliverði, bæði erlendis og hér á landi. Til að mynda hafi verðstríð og mikil samkeppni einkennt íslenskan markað á notuðum bifreiðum undanfarin misseri og hafi verð á notuðum bifreiðum lækkað töluvert á þeim tíma. Þá sé það staðreynd að yfirleitt seljist bifreiðar á lægra verði en ásettu hjá bílasölum.

Kærandi ítrekar að honum hafi verið veittur 2.000 dollara afsláttur af verði bifreiðarinnar, eða um 8%, og leggur hann fram staðfestingu á því. Í úrskurði tollstjóra er því hafnað að umræddur afsláttur hafi verið veittur vegna skorts á gögnum. Úr því hefur nú verið bætt. Þá hafnar kærandi því sem fram kemur hjá tollstjóra að ekki sé unnt í málinu að miða við viðskiptaverð sams konar eða svipaðra bifreiða við ákvörðun tollverðs, verði raunverulegt viðskiptaverð hennar ekki haft til hliðsjónar. Tollstjóri taki fram í úrskurði sínum að hann hafi litið til bifreiðar af sömu tegund, undirtegund og árgerð, sem flutt var inn á tímabilinu 1. júlí 2004 til 27. desember 2004 þegar embættið úrskurðaði um tollverð bifreiðarinnar. Fram komi í úrskurðinum að viðskiptaverð umræddrar bifreiðar hafi verið í samræmi við viðmiðunarverð Canadian Red Book. Hins vegar hafni tollstjóri því að leggja viðskiptaverð þessarar bifreiðar til grundvallar við ákvörðun á tollverði bifreiðar innflytjanda eins og honum ber skylda til samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Í úrskurðinum sé þessi afstaða rökstudd með þeim hætti að ógerlegt sé að finna sams konar ökutæki sem flutt hafi verið til landsins á sama eða svipuðum tíma, í sama ástandi og það ökutæki sem málið varði. Gerir kærandi alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð embættisins. Þá segir í kærinni að hvergi í ákvæðum 10.

eða 11. gr. reglugerðarinnar sé það gert að skilyrði að innflutt bifreið þurfi að vera af sömu tegund, undirtegund og árgerð og aðrar bifreiðar sem fluttar hafa verið til landsins á sama eða svipuðum tíma. Eingöngu sé það gert að skilyrði að bifreiðin sé sams konar (10. gr.) eða svipuð (11. gr.). Í 17. gr. reglugerðarinnar komi fram að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Hér blasi við að samanburður á ökutækjum af sömu tegund, undirtegund og árgerð komi eingöngu til álita þegar verið sé að bera saman viðskiptaverð innflutts ökutækis í því landi sem ökutækið var keypt í því skyni að varpa ljósi á sannleiksgildi framlagðra aðflutningsskýrslna. Ekki ber því að beita ákvæði 17. gr. þegar verið er að ákveða tollverð bifreiðar samkvæmt 10. - 14. gr. reglugerðarinnar. Í 1. gr. reglugerðarinnar koma fram orðskýringar við ofangreind hugtök. Þar segir í b-lið að sams konar vörur séu „vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ.m.t. að einkennum, gæðum og orðspori. Minni háttar útlitsmunur útiloki ekki vörur, sem að öðru leyti falli undir skilgreininguna, frá því að teljast vera sams konar.“ Í c-lið segir síðan að svipaðar vörur séu „vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipað einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orðspor og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem athuga verður við ákvörðun á því hvort vörur séu svipaðar.“

Þá segir í kærinni að hvergi í ákvæðum 10. eða 11. gr. reglugerðarinnar sé það gert að skilyrði að innflutt bifreið þurfi að vera í sama ástandi og sams konar eða svipaðar bifreiðar sem fluttar hafa verið til landsins á sama eða svipuðum tíma. Í 10. gr. reglugerðarinnar felst að tollverð þeirrar bifreiðar sem í hlut á skuli vera viðskiptaverð sams konar bifreiða sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma en í 11. gr. felst hins vegar að tollverð bifreiðarinnar skuli vera viðskiptaverð svipaðra bifreiða sem seldar eru og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma og bifreiðin sem verið er að virða.

Kærandi telur því að tollstjóri hafi enga heimild til að gera það að skilyrði að bifreiðarnar séu í sama ástandi. Í b-lið 1. gr. reglugerðarinnar komi jafnframt fram að minni háttar útlitsmunur útilokar ekki vörur, sem að öðru leyti falla undir skilgreininguna, frá því að teljast vera sams konar. Kæranda er það óskiljanlegt hvers vegna tollstjóri setur fram slíkt skilyrði, þvert gegn orðalagi ákvæðanna. Jafnframt gerir tollstjóri enga tilraun til að útskýra í úrskurði sínum að hvaða leyti ástand bifreiðar þeirrar sem hér er deilt um tollverð á sé ólíkt framangreindri bifreið. Kemur fram í úrskurði tollstjóra að viðskiptaverð bifreiðarinnar hafi verið í samræmi við viðmiðunarverð Canadian Red Book og því er eðlilegt að álykta að ástand hennar hafi verið í fullu samræmi við aðrar bifreiðar af sömu tegund, að minnsta kosti hafi það ekki verið lakara. Því hafi tollstjóri með engum hætti fært rök fyrir þeirri ákvörðun sinni að í fyrsta lagi skuli ástand bifreiða af sömu eða svipaðri tegund vera hið sama og í öðru lagi að ástand þeirra tveggja bifreiða sem um ræðir hér uppfylli ekki þetta skilyrði embættisins.

Þá segir í kærinni að í úrskurði tollstjóra komi fram að ákvæðum 10. - 14. gr. sé „afar sjaldan beitt þegar um notaða bíla er að ræða“. Kærandi getur ekki fallist á þessa vinnureglu tollstjóra þar sem hún gengur þvert gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Að mati kæranda geri ákvæði 10. og 11. gr. augljóslega ráð fyrir því að til landsins séu fluttar notaðar bifreiðar og skal tollverð innfluttra bifreiða vera ákveðið á grundvelli þessara ákvæða, sé ekki unnt að leggja raunverulegt viðskiptaverð til grundvallar. Það blasi við að ákvæðunum á að beita þegar notaðar bifreiðar eru fluttar til landsins enda myndi annað teljast afar óeðlilegt, sérstaklega í ljósi aukins innflutnings bifreiða til landsins undanfarin ár. Kærandi bendir á að ákvæði 21. gr. reglugerðarinnar sé undantekningarákvæði og beri því að skýra það þröngri lögskýringu. Ekki sé unnt að beita ákvæðinu nema ómögulegt sé að reikna tollverð innfluttra vara við annað hvort 2. gr. reglugerðarinnar eða 10. - 14. gr. hennar. Ekki sé slíku til að dreifa í þessu máli.

Kærandi gerir athugasemdir við þá niðurstöðu tollstjóra að eingöngu hafi verið flutt til landsins ein bifreið af sömu eða svipaðri tegund og bifreið hans. Ljóst sé að fjöldi jeppabifreiða, bæði af tegundinni Jeep Cherokee og öðrum svipuðum tegundum, séu fluttar til landsins á ári hverju. Í 10. gr. reglugerðarinnar sé gerður áskilnaður um að miðað sé við viðskiptaverð sams konar bifreiðar og þeirrar sem verið er að virða en 11. gr. tekur til svipaðra bifreiða. Tollstjóri virðist ekki hafa litið til innflutnings á svipuðum bifreiðum þegar hann ákvað tollverð bifreiðarinnar. Að minnsta kosti sé eingöngu tekið fram í úrskurði embættisins að litið hafi verið til einnar bifreiðar af sömu tegund, undirtegund og árgerð en ekki er kveðið á um fjölda innfluttra bifreiða af svipuðum toga á tímabilinu. Kærandi gerir þá kröfu að sé ekki unnt að leggja til grundvallar viðskiptaverð þeirrar innfluttra bifreiðar sem tollstjóri nefnir í úrskurði sínum, verði lagt til grundvallar viðskiptaverð svipaðra bifreiða sem fluttar voru til landsins á

svipuðum tíma, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar. Bent er á að samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal leggja til grundvallar viðskiptaverð þeirrar bifreiðar sem lægst er.

Þá segir að í úrskurði tollstjóra komi fram að lítið hafa verið til innflutnings bifreiða á tímabilinu júlí 2004 til 27. desember 2004. Kærandi mótmælir því ekki að framangreint tímabil uppfylli skilyrði 10. og 11. gr. um sama eða svipað tímabil og bifreið hans var flutt inn á. Hins vegar mótmælir hann því að ekki hafi verið miðað við rýmra tímabil við ákvörðun tollverðsins. Það liggi fyrir að ein bifreið af sömu tegund og undirtegund og bifreið sú sem hér er til umfjöllunar hafi verið flutt inn á þessu tímabili en ekki sé það rökstutt í úrskurðinum af hverju ekki hafi verið miðað við lengra tímabil heldur en tæpa sex mánuði. Í ákvæðum reglugerðarinnar sé hugtakið sama eða svipað tímabil ekki útskýrt nánar og gerir tollstjóri heldur ekki tilraun til að útskýra hugtakið í úrskurði sínum né heldur af hverju embættið kaus að leggja tímabilið 1. júlí til 27. desember til grundvallar. Kærandi krefst þess að miðað verði við lengra tímabil ef ekki hafa verið fluttar til landsins fleiri bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund á ofangreindu tímabili heldur en þessi eina sem tollstjóri nefnir í úrskurði sínum.

Að lokum er þess krafist að fundið verði að þeirri töf sem varð á ákvörðun tollverðs bifreiðar kæranda, bæði á grunnstigi og við meðferð kæru hans hjá embætti tollstjórans. Þá er þess óskað að nefndin hraði umfjöllun sinni í málinu.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að málavextir séu á þann veg að þann 27. september 2004 flutti innflytjandi til landsins umrædda bifreið frá Kanada. Var aðflutningsskýrslu ásamt fylgigögnum skilað til embættisins þann 30. september 2004 og var kaupverð bifreiðarinnar tilgreint að fjárhæð CAD 24.000,00 og tollverð bifreiðarinnar reiknað kr. 1.431.143,00. Með bréfi embættisins, dags. 8. október 2004, var óskað eftir frekari skýringum og gögnum til staðfestingar á innkaupsverði ökutækisins. Skýringar bárust með bréfi innflytjanda, dags. 18. október 2004. Aðflutningsgjöld umræddrar sendingar voru ákvörðuð með bréfi tollstjórans í Reykjavík, dags. 20. október 2004, á þann veg að tollverð bifreiðarinnar var ákvarðað kr. 2.329.039,00. Með bréfi, dags. 20. október 2004, gerði innflytjandi athugasemdir við afgreiðslu máls. Ákvörðun tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda af bifreiðinni var síðan kærð til úrskurðar, með bréfi frá lögmanni innflytjanda, dags. 16. nóvember 2004.

Í kæru innflytjanda, dags. 16. nóvember 2004, er aðallega gerð sú krafa að tollverð bifreiðarinnar verði ákvarðað á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Til vara er þess krafist að tollverð bifreiðarinnar verði ákvarðað á grundvelli 10. - 14. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að í 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er að finna þá meginreglu að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af 9. gr. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, með síðari breytingum, en reglugerð þessi er sett með stoð í 10. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1995, svo og 148. gr. tollalaga. Grunnregla 8. gr. tollalaga er ítrekuð í 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar, en þar kemur fram að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 3. gr., að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau skilyrði sem sett eru fyrir því að viðskiptaverð vöru sé lagt til grundvallar eru tilgreind í a.-e. lið 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Fram kemur í e.-lið reglugerðarinnar að viðskiptaverð verði lagt til grundvallar ef tollstjóri dregur ekki í efa sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Í V. kafla reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun sé að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Í 17. gr. reglugerðarinnar komi fram að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Tollstjóra ber að athuga hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er eða hefur verið flutt til landsins á sama tíma eða markaðsverð sambærilegra ökutækja erlendis.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, kemur fram að gefi eftirlit tollstjóra skv. 17. gr. réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningsskýrslu eða fylgiskjala skuli tollstjóri krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum, sbr. 7. gr. sömu reglugerðar.

Í 19. gr. tollverðsreglugerðarinnar kemur fram að ríkistollstjóri skuli safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá og sjá til þess að tollstjórar eigi greiðan aðgang að upplýsingum þessum. Ljóst sé af framansögðu að tollstjórum ber að kanna sjálfstætt viðmiðunarverð annarra ökutækja og ástand ökutækja, óháð því hvort reikningar eru taldir trúverðugir eða ekki. Við verðmætamat bifreiðarinnar, sem kveðið er á um í 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, hefur Tollstjórinn í Reykjavík stuðst við upplýsingar sem fram koma í Canadian Red Book til viðmiðunar, sbr. 19. gr. tollverðsreglugerðarinnar, en rit þetta er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Kanada. Verð hinnar innfluttu bifreiðar, Jeep Grand Cherokee Overland árg. 2003, er samkvæmt framlögðum reikningi CAD 24.000,00 en viðmiðunarverð samkvæmt Canadian Red Book er CAD 34.150,00. Í Red Book kemur fram að verð á Jeep Grand Cherokee, árg. 2003 er talsvert hærra en tilgreint er á framlögðum gögnum til tollafgreiðslu og vikur kaupverð bifreiðarinnar OG-257 um 29% frá viðmiðunarverði embættisins sem fram kemur í Red Book. Vöruskoðun fór fram á sendingu E BRU 27 09 4 CA SBU R801 en ekki kom fram neitt sem skýrt gæti lágt verð bifreiðarinnar. Þá leit embættið einnig til bifreiðar af tegundinni Jeep Grand Cherokee Overland, árgerð 2003, sem flutt var til landsins á tímabilinu frá 1. júlí 2004 til 27. desember 2004. Verð þeirrar bifreiðar sem er af sömu tegund, undirtegund og árgerð er í samræmi við viðmiðunarverð samkvæmt Canadian Red Book og er því mun hærra en kaupverð bifreiðar þeirrar er mál þetta varðar.

Þá telur tollstjóri bilun í miðstöðvarkerfi sem í ljós kom eftir innflutning til landsins ekki skýra lágt kaupverð bifreiðarinnar. Umrædd bilun var ekki ljós við kaup bifreiðarinnar og því ekki unnt að líta svo á að bilunin hafi verið ástæða lágs kaupverðs. Embættið bendir einnig á að á reikningi frá Bob Allen's Sales & Service kemur fram að kaupverð bifreiðarinnar sé CAD 24.000,00. Hvergi á reikningum er þess getið að veittur hafi verið afsláttur að fjárhæð CAD 2.000,00 og engin önnur gögn liggja fyrir hjá embættinu er sýna fram á slíkt. Embættið fellst því ekki á að umræddur afsláttur hafi verið veittur enda er það mat embættisins að slíkur afsláttur geti ekki skýrt að bifreiðin sé undir viðmiðunarverði því sem fram kemur í Canadian Red Book.

Með hliðsjón af framansögðu sé ljóst að viðskiptaverð bifreiðarinnar samkvæmt umræddum reikningi er mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða, miðað við uppgefin verð í Canadian Red Book og því telur embættið að framlagður reikningur sé ekki trúverðugur og ekki beri að leggja hann til grundvallar við tollverðsákvörðun, sbr. 18. gr. og 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Í IV. kafla tollverðsreglugerðarinnar er mælt fyrir um hvernig tollverð skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða, sbr. nánar 10. - 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun. Tollstjóri telur ekki unnt að beita 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar í þessu tilfelli. Á tímabilinu 1. júlí 2004 til 27. desember 2004 var flutt inn til landsins ein bifreið sem er sömu tegundar, undirtegundar og árgerð og bifreið sú sem mál þetta varðar. Ljóst er að þegar um notaðar bifreiðar er að ræða þá er ástand og búnaður bifreiða ætíð mjög ólíkur þótt um sömu tegund, undirtegund og árgerð sé að ræða. Embættið telur að þegar um notuð ökutæki er að ræða þá sé ógerlegt að finna sams konar ökutæki sem flutt hefur verið inn til landsins á sama eða svipuðum tíma, í sama ástandi og það ökutæki sem málið varðar.

Tollstjóri telur því að ekki sé unnt að fallast á að sams konar eða svipaðar bifreiðar og sú bifreið sem hér er til umfjöllunar hafði verið flutt til landsins á tímabilinu frá 1. júlí 2004 til 27. desember 2004 og því telur embættið ekki unnt að beita 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar í þessu tilfelli.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að embættið hafi sett sér ákveðin mörk um það hversu mikið kaupverð ökutækja geti vikið frá viðmiðunarverði. Í öllum þeim tilvikum þegar kaupverð bifreiða vikur frá viðmiðunarverði umfram framangreind mörk þá fari embættið fram á frekari skýringar frá innflytjanda á lágu verði bifreiðarinnar, sbr. 18. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Í kjölfar þeirra skýringa sem berast frá innflytjanda eru mál síðan skoðuð á ný og metið hvort fram komnar skýringar séu fullnægjandi. Séu skýringar ekki fullnægjandi ákvarðar embættið aðflutningsgjöld skv. 21. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Embættið telur því að í málum þessum sé jafnræðis gætt.

Í þeim málum sem upp koma hjá embættinu varðandi innflutning notaðra bíla og þar sem embættið telur að ekki sé unnt að styðjast við fram komna reikninga, þá gerir embættið könnun á því hvort sambærilegar bifreiðar (bifreiðar sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar) hafi verið fluttar inn á sama eða svipuðum tíma. Eins og að framan er rakið var innflutningur bifreiða af sömu tegund, undirtegund og árgerð kannaður á tímabilinu 1. júlí 2004 til 27. desember 2004. Það er mat embættisins að afar erfitt er að finna sams konar ökutæki sem flutt hafa verið til landsins á sama eða svipuðum tíma, í sama ástandi og það ökutæki sem um ræðir. Því hefur ákvörðun tollverðs samkvæmt 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar verið beitt afar sjaldan þegar um notaðar bifreiðar er að ræða. Eins og að framan er rakið telur embættið að á sama eða svipuðum tíma og innflutningur sá er mál þetta varðar hafi ekki verið fluttar inn til landsins sambærilegar bifreiðar. Tollstjóri telur, með vísan til ofangreinds, að í máli þessu hafi ekki verið brotið gegn meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum. Skýrt sé kveðið á um það í 20. gr. tollverðsreglugerðarinnar að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr. þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr. skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og þar er tilgreint í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, reiknað út skv. ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Ekki er því við útreikning tollverðs skv. 21. gr. reglugerðarinnar stuðst við það verð sem fram kemur í Canadian Red Book heldur hvílir sú skylda á embættinu að miða við verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund sem tilgreint er í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra. Samkvæmt bifreiðaskrá ríkisskattstjóra fyrir árið 2004 er verð á Jeep Grand Cherokee kr. 6.300.000,00 og ber því að miða við það verð við útreikning tollverðs, sbr. 20. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Með vísan til alls framanritaðs ákveðst tollverð bifreiðarinnar því kr. 2.329.039,00 reiknað skv. 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, með síðari breytingum.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með bréfi þann 14. mars 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 6. apríl 2005 rekur tollstjóri aðdraganda málsins og fer yfir helstu röksemdir tollstjóra í hinum kærða úrskurði. Þá segir í greinargerð tollstjóra að eins og fram komi í hinum kærða úrskurði sé ljóst að tollstjóra beri sjálfstætt að kanna viðmiðunarverð annarra ökutækja og ástand ökutækja, óháð því hvort reikningar eru taldir trúverðugir eða ekki. Við verðmætamat bifreiðarinnar, sem kveðið er á um í 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, hafi tollstjóri stuðst við upplýsingar sem fram koma í Canadian Red Book til viðmiðunar, sbr. 19. gr. tollverðsreglugerðarinnar, en rit þetta sé gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Kanada. Verð hinnar innfluttu bifreiðar, Jeep Grand Cherokee Overland árg. 2003, sé samkvæmt framlögðum reikningi CAD 24.000,00 en viðmiðunarverð samkvæmt Canadian Red Book sé CAD 34.150,00. Kaupverð bifreiðarinnar sé um 29% frá viðmiðunarverði embættisins sem fram komi í Red Book. Við skoðun tollvarða á bifreiðinni hafi ekki komið neitt fram sem gæti skýrt þetta lága verð bifreiðarinnar. Þá segir að embættið hafi einnig kannað hvort bifreiðar af tegundinni Jeep Grand Cherokee Overland, árgerð 2003, hafi verið fluttar inn til landsins á tímabilinu frá 1. júlí 2004 til 27. desember 2004. Í ljós hafi komið að einungis ein bifreið hafi reynst vera samanburðarhæf í máli þessu, þ.e. sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar og flutt inn frá sama svæði. Verð þeirrar bifreiðar sem er af sömu tegund, undirtegund og árgerð er í samræmi við viðmiðunarverð samkvæmt Canadian Red Book og sé því mun hærra en kaupverð bifreiðar þeirrar er mál þetta varðar.

Tollstjórinn í Reykjavík telur að framkomnar skýringar innflytjanda á lágu innkaupsverði bifreiðarinnar séu ekki fullnægjandi. Meint bilun í miðstöðvarkerfi bifreiðarinnar, sem í ljós kom eftir innflutning til landsins, skýri ekki lágt kaupverð hennar.

Tollstjóri bendir á að samkvæmt reikningi frá Bob Allen's Sales & Service komi fram að kaupverð bifreiðarinnar sé CAD 24.000,00. Hvergi á reikningum sé þess getið að veittur hafi verið afsláttur að fjárhæð CAD 2.000,00. Það sé fyrst með kæru til ríkistollanefndar að lögð sé fram yfirlýsing frá Bob Allen's Sales & Service þar sem fram komi að skráð söliverð bifreiðarinnar hafi verið CAD 26.000,00 en samist hafi um afslátt. Telur tollstjóri að fyrrgreindur afsláttur frá skráðu söliverði skýri ekki að bifreiðin sé svo verulega undir viðmiðunarverði því sem fram kemur í Canadian Red Book. Þá er bent á að í 17. gr. tollverðsreglugerðarinnar komi fram að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjöllum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var

keypt. Telur tollstjóri því að líta verði svo á að CAD 24.000,00 sé viðskiptaverð bifreiðarinnar og ekki sé unnt að líta til skráðs söluverðs hennar. Þá telur embættið einnig rétt að geta þess að skráð söluverð bifreiðarinnar vikur einnig frá viðmiðunarverði Canadian Red Book, þ.e. um 24% frávik er að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu sé ljóst að viðskiptaverð bifreiðarinnar samkvæmt reikningi frá Bob Allen's Sales & Service er mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða, miðað við uppgefin verð í Canadian Red Book. Skýringar innflytjanda á lágu viðskiptaverði bifreiðarinnar eru að mati tollstóra ekki trúverðugar og því telur embættið að framlagður reikningur sé ekki trúverðugur og ekki beri að leggja hann til grundvallar við tollverðsákvörðun, sbr. 18. gr. og 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Um varakröfu kæranda, þ.e. að leggja beri 10. - 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995 til grundvallar til útreiknings tollverðs bifreiðarinnar segir í greinargerð tollstjóra að í IV. kafla tollverðsreglugerðarinnar sé mælt fyrir um hvornig tollverð skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli viðskiptaverð sams konar vöru á sama viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða, sbr. nánar 10. - 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun. Í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun segir að sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 2. gr. skuli tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma. Í b-lið 1. gr. tollverðsreglugerðarinnar er að finna eftirfarandi skilgreiningu á orðasambandinu "Sams konar vörur": Vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ.m.t. að einkennum, gæðum og orðspori. Minni háttar útlitsmunur útilokar ekki vörur, sem að öðru leyti falla undir skilgreininguna, frá því að teljast vera sams konar. Í e-lið 1. gr. tollverðsreglugerðarinnar segir síðan að vörur skuli ekki telja "sams konar vörur" eða "svipaðar vörur"; nema þær hafi verið framleiddar í sama landi og vara sú sem verið er að virða. Tollstjórinn í Reykjavík telur að í 10. gr. tollverðsreglugerðarinnar felist, sbr. og 1. gr. reglugerðarinnar, að þegar um notuð ökutæki er að ræða þá þurfi ökutækin að vera sömu tegundar, undirtegundar, árgerðar og í sama ástandi og ásigkomulagi til að geta talist sams konar vara, þ.e. ökutækin þurfa að vera eins í öllu tilliti. Er það mat embættisins að undir "minni háttar útlitsmun" gætu fallið atriði eins og litur bifreiða, gerð stuðara o.þ.h. Þá bendir embættið á að einnig þurfa ökutækin að vera flutt inn til Íslands frá sama landi, þ.e. í þessu tilfalli Kanada, og þarf innflutningur að eiga sér stað á sama tíma eða svipuðum tíma, sbr. orðalag 10. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Í 11. gr. tollverðsreglugerðarinnar segir að verði tollverð innfluttrar vöru hvorki ákvarðað skv. 2. né 10. gr. reglugerðarinnar þá skal það vera viðskiptaverð svipaðra vara sem seldar eru og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða. Í c-lið 1. gr. tollverðsreglugerðarinnar er að finna eftirfarandi skilgreiningu á "Svipaðar vörur": Vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipuð einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orðspor og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem athuga verður við ákvörðun á því hvort vörur séu svipaðar. Embættið telur að þegar um notaðar bifreiðar er að ræða þá feli 11. gr. tollverðsreglugerðarinnar það í sér að um sé að ræða ökutæki sem eru sömu tegundar, undirtegundar, árgerðar og í svipuðu ástandi og ásigkomulagi. Einungis sé hægt að telja slíkar bifreiðar geta mögulega þjónað sama hlutverki og komið í stað annarrar bifreiðar í viðskiptum.

Framangreind viðmið embættisins um að líta beri til tegundar, undirtegundar, árgerðar og ástands bifreiðanna þegar metið er hvort að beita beri 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar eru byggð á orðalagi reglugerðarinnar og eðli þeirrar vöru sem notaðar bifreiðar eru. Framangreind túlkun embættisins byggir einnig á áralangri framkvæmd. Það er einnig mat embættisins að ekki sé óeðlilegt, við mat á því hvort um sams konar eða svipuð ökutæki sé að ræða í skilningi 10. - 11. gr. reglugerðarinnar, að litið sé til þeirra atriða sem fram koma í 17. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Í 16. gr. tollverðsreglugerðarinnar segir að ákvæði V. kafla reglugerðarinnar gildi um ákvörðun tollverðs innfluttra ökutækja sem flokkast í tiltekna vöruliði. Verður því að líta svo á að 17. gr. tollverðsreglugerðarinnar eigi einnig við um ákvörðun tollverðs enda kemur fram í greininni að henni skuli beitt við *tollafgreiðslu* ökutækja. Í 17. gr. reglugerðarinnar eru lagðar línur um það hvornig bera skuli ökutæki saman, svo sanngjörn og eðlileg viðmiðun fái fyrir innflytjanda. Er í ákvæðinu m.a. gengið út frá því að miðað sé við ökutæki af sömu tegund, undirtegund og árgerð. Það er mat embættisins að ekki sé óeðlilegt að hafa hliðsjón af framangreindum þáttum við beitingu ákvæða 10. - 14. gr. sérstaklega með tilliti til þess að verið er að skera úr um tollverð ökutækja, sem er þáttur í *tollafgreiðslu* þeirra. Beiting 10. - 14. gr. reglugerðarinnar, með hliðsjón af 17. gr. er því óumflyjanlegur þáttur við

tollafgreiðslu ökutækja, með vísan til samanburðarlögskýringar, eðlis og tilgangs sérákvæða reglugerðarinnar, vegna innflutnings ökutækja. Þá bendir embættið á að kærandi hefur sjálfur ekki bent á nein önnur atriði sem unnt væri að hafa til hliðsjónar við matið á því hvort um sams konar eða svipuð ökutæki er að ræða.

Tollstjóri telur ekki unnt að beita 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar í þessu tilfelli. Á tímabilinu 1. júlí 2004 til 27. desember 2004 var flutt inn til landsins ein bifreið sem er sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar og bifreið sú sem að mál þetta varðar. Það er mat embættisins að ekki sé um sams konar eða svipaða bifreið að ræða, í skilningi 10. - 11. gr. tollverðsreglugerðarinnar, m.a. með vísan til þess að verulegur munur er á fjölda þeirra kílómetra sem að umræddar bifreiðar hafa verið keyrðar. Þá telur embættið einnig að þegar um notaðar bifreiðar er að ræða þá sé ástand og búnaður bifreiða ætíð mjög ólíkur þótt um sömu tegund, undirtegund og árgerð sé að ræða. Embættið telur að þegar um notuð ökutæki er að ræða þá sé mjög erfitt að finna sams konar ökutæki sem flutt hefur verið inn til landsins á sama eða svipuðum tíma, í sama ástandi og það ökutæki sem málið varðar. Embættið telur því að ekki sé unnt að fallast á að sams konar eða svipaðar bifreiðar og bifreiðin OG-257 hafi verið fluttar inn til landsins á tímabilinu frá 1. júlí 2004 til 27. desember 2004 og því telur embættið ekki unnt að beita 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar í þessu tilfelli.

Í kæru til ríkistollanefndar segir: "Tollstjóri tekur það fram í úrskurði sínum að ákvæðum 10. - 14. gr. sé "afar sjaldan beitt þegar um notaða bíla er að ræða". Getur umbjóðandi minni ekki fallist á þessa vinnureglu embættisins þar sem hún gengur þvert gegn ákvæðum reglugerðarinnar." Embættið telur rétt að áréttá það af þessu tilefni að orðrétt segir í úrskurði embættisins nr. 3/2005: "Það er mat embættisins að afar erfitt sé að finna sams konar ökutæki sem flutt hafi verið inn til landsins á sama eða svipuðum tíma, í sama ástandi og það ökutæki sem um ræðir. Því hefur ákvörðun tollverðs samkvæmt 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar verið beitt afar sjaldan þegar um notaðar bifreiðar er að ræða." Framangreind tilvitnun kæranda til úrskurðar embættisins er því slitin úr samhengi og vinnuregla sú sem að kærandi nefnir í þessu samhengi á ekki við rök að styðjast. Eins og fram kom í úrskurði embættisins þá er vinnuregla embættisins sú að embættið gerir könnun á því hvort sambærilegar bifreiðar (bifreiðar sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar) hafi verið fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og bifreið sú sem mál varða. Er slík könnun gerð til þess að meta hvort sams konar eða svipaðar bifreiðar hafi verið fluttar inn til landsins og hvort unnt sé að beita 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Ljóst er þó að þegar um notaðar bifreiðar er að ræða þá er ástand og búnaður bifreiða iðulega mjög ólíkur þótt um sömu tegund, undirtegund og árgerð sé að ræða. Það er mat embættisins að þegar um notuð ökutæki er að ræða þá sé erfitt að finna sams konar ökutæki sem flutt hefur verið inn til landsins á sama eða svipuðum tíma, í sama ástandi og það ökutæki sem málið varðar.

Þá er því mótmælt í kæru til ríkistollanefndar að ekki hafi verið miðað við rýmra tímabil en frá 1. júlí 2004 til 27. desember 2004 þegar kannaður var innflutningur bifreiða af sömu tegund, undirtegund og árgerð. Tollstjórinn í Reykjavík hefur í framkvæmd miðað við 6 mánaða tímamark þegar kannaður er innflutningur annarra bifreiða af sömu tegund, undirtegund og árgerð. Í tollverðsreglugerðinni segir að sams konar eða svipuð vara skuli hafa verið flutt inn til landsins á sama eða svipuðum tíma og þykir embættinu í því samhengi eðlilegt að miðað sé við 6 mánaða tímabil í kringum innflutninginn. Fleiri hundruðir bíla eru fluttir til landsins á 6 mánaða tímabili auk þess sem í því felst mikil vinna að kanna innflutning bifreiða af sömu tegund, undirtegund og árgerð í öllum þeim hópi bifreiða sem fluttar eru inn á því tímabili. Fyrst er tekinn listi yfir alla bíla sem fluttir hafa verið til landsins frá sama útflutningslandi og í sama tollskrárnúmeri og bifreið sú sem um ræðir. Farið er handvirkt í gegnum listann og kannað hvort um sé að ræða bifreið sem er sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar. Þegar fyrir liggur hvort bifreiðar sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar eru til staðar þá óskar embættið eftir gögnum eftir atvikum. úr skjalageymslu eða frá öðrum tollstjórum. Þær upplýsingar er þar koma fram eru síðan bornar saman við bifreið þá er málið varðar og kannað hvort unnt sé að telja að um sams konar eða svipaða bifreið sé að ræða. Könnun á innflutningi annarra bifreiða af sömu tegund, undirtegund og árgerð er því mjög umfangsmikil og tímafrek. Það er því í ljósi þess að embættið telur hæfilegt að miðað sé við 6 mánuði í kringum innflutninginn.

Í 15. gr. tollverðsreglugerðarinnar er kveðið á um það að verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr., skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli fánlegra upplýsinga hér á landi. Skýrt er kveðið á um það í 20. gr. tollverðsreglugerðarinnar að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr.

þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr. skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og þar er tilgreint í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, reiknað út skv. ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Ekki er því við útreikning tollverðs skv. 21. gr. reglugerðarinnar stuðst við það verð sem fram kemur í Canadian Red Book heldur hvílir sú skylda á embættinu að miða við verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund sem tilgreint er í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra. Samkvæmt bifreiðaskrá ríkisskattstjóra fyrir árið 2004 er verð á Jeep Grand Cherokee kr. 6.300.000,00 og ber því að miða við það verð við útreikninga tollverðs, sbr. 20. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Tollverð bifreiðarinnar OG-257 ákvaðst því kr. 2.329.039,00 reiknað skv. 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, með síðari breytingum.

Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður nr. 3/2005 verði staðfestur.

Umsógn tollstjóra var send kæranda með bréfi þann 6. apríl 2005. Í svari umboðsmanns kæranda kemur fram að kærandi hefur fengið sér nýjan umboðsmann, einnig löglærðan. Í máli umboðsmanns kæranda kemur einkum fram að tollstjóri hafi brotið ýmis ákvæði stjórnsýslulaga, svo sem ákvæði jafnræðisreglu og meðalhófsreglu. Þá leggur kærandi áherslu á að meginregla tollalaga sé að leggja eigi til grundvallar reikningsverð vöru og mikið þurfi til að koma ef víkja eigi þeirri reglu til hliðar. Jafnframt bendir kærandi á að það skorti verulega á að tollstjóri hafi fullnægt rannsóknarskyldu sinni í málinu.

Síðan fjallar umboðsmaður kæranda almennt um stjórnsýslulög og segir m.a.:

"Það er meginregla að ekki fæst greiddur málskostnaður vegna reksturs máls fyrir stjórnvöldum. Í stað þess eru ákvæði í lögum sem leggja miklar skyldur á stjórnvaldið, það miklar að einstaklingur á að geta rekið málið án þess að greiða fyrir aðstoð lögmanns. Stjórnvald hefur ríka leiðbeiningaskyldu, rannsóknaskyldu, skyldu til meðalhófs o.þ.u.l. Eins og sýnt hefur verið fram á hefur tollstjórinn í Reykjavík ekki sinnt þessum skyldum. Kærandi hefur þannig þurft að greiða fyrir lögfræðiaðstoð sem hann hefði ekki átt að þurfa ef tollstjóri hefði staðið löglega að afgreiðslu málsins. Það er ekkert minni skylda stjórnvalda að fara eftir lögum heldur en borgaranna. Með því að sinna ekki skyldu sinni vegur stjórnvaldið að grundvelli lýðræðisins sem er að stjórnvöld eru þjónar fólksins ráðnir af því. Markmið stjórnsýslunnar er að ná réttu löglegri niðurstöðu í máli en ekki að ná sem mestu af borgurunum með sem minnsti fyrirhöfn. Þannig á stjórnvald að gæta hagsmuna hvers einstaklings sem leitar til þess jafnframt því að það gætir hagsmuna heildarinnar. Í þessari afgreiðslu virðist þessa hlutleysis ekki gætt sbr. umfjöllun um stjórnsýslulög hér að ofan." Umboðsmaður kæranda ítrekar fyrri kröfur og rökstuðning kæranda.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér gögn sem málsaðilar hafa lagt fram og aflað gagna. Deilt er um tollverð á bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee Overland, árgerð 2003. Bifreiðin er innflutt frá Kanada í sendingu nr. E BRU 27 09 4 CA SBU R801.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði nr. 3/2005, dags. 28. janúar s.l., eru málavextir á þann veg að þann 27. september 2004 flutti S. til landsins bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee Overland, árgerð 2003 frá Kanada í sendingu nr. E BRU 27 09 4 CA SBU R801. Kaupverð bifreiðarinnar var tilgreint CAD 24.000,00 á aðflutningsskýrslu. Á seinni stigum málsins framvísaði innflytjandi yfirlýsingu frá seljanda um að veittur hafi verið afsláttur CAD 2.000 frá uppsettu verði bifreiðarinnar. Kærandi krefst þess aðallega að innkaupsverð verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs, en til vara að ákvörðun tollstjóra verði breytt á þá leið að tollverð bifreiðarinnar verði ákvarðað á grundvelli 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðar nr. 374/1995.

Tollstjóri telur innkaupsverðið ótrúverðugt og hafnar því. Það sé töluvert lægra en viðmiðunarverð úr Canadian Red Book þar sem fram koma meðalverð á notuðum bifreiðum sem seldar hafa verið á ákveðnu tímabili í innkaupslandinu. Þá telur tollstjóri ekki unnt að fallast á varakröfu kæranda og reikna bifreiðina út skv. 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar þar sem einungis ein bifreið sömu gerðar og sú sem deilt er um tollverð á hafi verið flutt inn á svipuðum tíma. Tollstjóri ákvarðar tollverð bifreiðarinnar því á grundvelli 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, með síðari breytingum.

Í nefndri 21. gr. tollverðsreglugerðarinnar er kveðið á um bifreiðaskrá ríkistollstjóra. Sú skrá mun ekki vera til en embætti tollstjóra notar bifreiðaverðskrá ríkisskattstjóra þegar meta þarf

bifreiðir til tollverðs. Ríkistollanefnd gerir ekki athugasemdir við það verklag þar sem skrárnar byggja á sömu forsendum. Nefndarmenn könnuðu hins vegar það verð sem tollstjóri leggur til grundvallar útreikningi sínum í þessu máli. Í ljós kom að þar eru meinbugir á. Um nokkurt skeið hefur verið óljóst hver fari með söluumboð fyrir bifreiðategund þá sem hér er til umfjöllunar. Nú er hins vegar ljóst að nýr aðili hefur tekið við söluumboðinu. Af þessum sökum hefur verið deyfð yfir innflutningi nýrra bifreiða af þessari gerð hingað til lands. Í reynd hefur verðlisti bifreiðanna ekki verið uppfærður síðan 2003. Þetta hefur verið staðfest af starfsmanni fyrrum söluaðila og einnig hjá starfsmanni ríkisskattstjóra. Á þessu tímabili hafa orðið miklar breytingar á gengi gjaldmiðla til lækkunar þannig að miklar líkur eru á að innkaupsverð sambærilegrar bifreiðar væri lægra í dag en tilgreint er í verðlistanum. Þá ber einnig á það að líta sem fram kom í viðtölum nefndarmanna við söluaðila þessarar bifreiðagerðar hér á landi, að bifreiðar þessarar gerðar hafa verið fluttar inn frá Evrópu en ekki USA þar sem verð þeirra er talsvert lægra. Með hliðsjón af þessu telja nefndarmenn það mikla meinbugi á áreiðanleika viðmiðunarverðs þess sem tollstjóri leggur til grundvallar útreikningi sínum að við það verði ekki miðað.

Kærandi gerir kröfu um að ef innkaupsverð verði ekki samþykkt þá verði miðað við innkaupsverð sambærilegrar bifreiðar sem tollafgreidd hefur verið. Tollstjóri telur hins vegar ekki unnt að ákvarða tollverð bifreiðarinnar skv. 10. - 14. gr. tollverðsreglugerðarinnar þar sem einungis ein bifreið sömu gerðar og undirgerðar og sú sem hér er til umfjöllunar var flutt inn á sex mánaða viðmiðunartímabili embættisins. Nefndarmenn kölluðu eftir innflutnings skjölum yfir bifreiðina. Hún er árgerð 2004 en framleiðsluár hennar er 2003. Í ljós kom að þessi bifreið er hins vegar mun minna ekin en bifreið sú sem hér er til umfjöllunar. Nefndarmenn taka því undir það álit tollstjóra að þessi bifreið sé ekki samanburðarhæf.

Við skoðun á reikningi þeim sem innflytjandi leggur fram er ljóst að hann er töluvert lægri en viðmiðunarverð sambærilegra bifreiða samkvæmt Canadian Red Book. Frávikin eru ekki það mikil að hægt sé að hafna verðinu á þeim grundvelli einum.

Í 8. gr. tollalaga segir að tollverð innfluttra vara sé viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða beri fyrir vöruna. Reikningsverð þessarar bifreiðar er samkvæmt reikningi útgefnum af Bob Allen's Sales & Service CAD 24.000,-. Hjá kæranda kemur fram að hann hafi fengið afslátt af verði bifreiðarinnar vegna tafa og mistaka af hálfu seljanda við að útvega honum bifreið þessarar gerðar. Í bréfi, dags 2. febrúar 2005, staðfestir seljandi að kaupandi hafi fengið CAD 2.000,- afslátt eftir samninga við hann.

Það er mat ríkistollanefndar að ofangreind lækkun á innkaupsverði bifreiðarinnar hafi ekki með ástand og verðmæti hennar að gera. Með vísan til tilvitnaðrar 8. gr. tollalaga ber því að greiða aðflutningsgjöld miðað við að innkaupsverð bifreiðarinnar sé CAD 26.000,-.

Með vísan til 8. og 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að við útreikning tollverðs af bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee Overland sem flutt var inn í sendingu E BRU 27 09 4 CA SBU R801 skuli miðað við FOB verð CAD 26.000,-.